

REGLUR

**um breytingu á reglum nr. 500/2011 um doktorsnám við
félagsvínsindasvið Háskóla Íslands.**

1. gr.

51. gr. reglnanna breytist og orðast svo:

Doktorsritgerð er ýmist eitt heildstætt verk eða byggist á vísindagreinum sem mynda samstæða heild. Hún skal vera á ensku nema sérstök rök mæli gegn því. Í tilviki samsettrar doktorsritgerðar skal samið yfirlit þar sem fjallað er um kenningar viðfangsefnis rannsóknarinnar og aðferðafræðilega nálgun ásamt því að dregnar eru saman heildarniðurstöður rannsóknarinnar. Samsett doktorsritgerð skal að jafnaði vera fjórar greinar en getur þó samanstaðið af þremur greinum séu þær óvenju umfangsmiklar (sk. fjölrannsóknagreinar) og hefð sé fyrir slíku innan viðkomandi sérsviðs. Doktorsnemi skal að lágmarki vera fyrsti höfundur tveggja greina og annar höfundur annarra greina. Tvær greinar skulu hafa verið samþykktar til birtingar, með eða án fyrirvara um breytingar, í ritrýndum viðurkenndum alþjóðlegum tímaritum viðkomandi fræðasviðs. Doktorsnemi skal vera fyrsti höfundur hið minnsta að annarri samþykktu greininni. Tvær greinar til viðbótar skulu hafa verið sendar inn til ritrýningar og vera þess eðlis að gera megi ráð fyrir því að þær eigi erindi í alþjóðlega viðurkennt fræðarit. Leitast skal við að greinarnar birtist í mismunandi alþjóðlegum fræðitímaritum.

Sé doktorsnemi ekki eini höfundur greinar, eða greina, þarf að vera skýrt hvert framlag hans er. Meðhöfundar senda doktorsnefnd staðfestingu þess efnis.

2. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð Háskóla Íslands hefur samþykkt, eru settar samkvæmt heimild í lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla, sbr. 68. og 69. gr. reglna nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands. Reglurnar hafa verið samþykktar af stjórmálafræðideild, stjórn félagsvínsindasviðs og Miðstöð framhaldsnáms, sbr. 66. og 69. gr. reglna nr. 569/2009. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 7. nóvember 2017.

Jón Atli Benediktsson.

Pórður Kristinsson.

B-deild – Útgáfud.: 22. nóvember 2017